

3. Veitingahúsinu Tryggvagötu 26, Reykjavík, 1.500,00 krónur ásamt dómvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar, hrl., 6.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 4. júní 1986.

Nr. 117/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Lúdvíg Fjölmi Lúdvígssyni

Frank Snæ Lúdvígssyni og

Hafþóri Sævarssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ákæra. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. mars 1985 til þyngingar, en dómþolar vildu allir una dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. apríl 1986.

Ákæra í máli þessu, sem rakin er í héraðsdómi, er óskilrík og brestur þar á glögga skilgreiningu sakarefnis. Kemur eigi nægilega glögg fram hvað hverjum hinna ákærðu er gefið að sök. Skírskotað er til 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 án þess að neina skýra verknaðarlýsingu sé að finna sem svari til þess ákvæðis. Sama á við um þau ákvæði laga nr. 46/1977 sem tilfærð eru í ákæru. Fullnægir ákæruskjalið þannig eigi reglum 3. tl. 2. málsgreinar 115. gr. laga nr. 74/1974 og verður það ekki lagt til grundvallar dómi

um efni máls. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákær-
unni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað ber að greiða úr ríkis-
sjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og ákæru í málinu vísað
frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar
greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda
ákærðu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns,
25.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákæruskjal í máli þessu er að vísu ekki svo skilmerkilega orðað
sem verða mátti, en ég tel þó að ekki geti verið vafa undirorpið
að skilja verði það svo, að ákæruefni séu þessi:

1. Allir ákærðu séu ákærðir fyrir þann verknað að ryðjast inn
í verbúðina Bjarmaland ölvadir og vopnaðir haglabyssum.

2. Ákærðu séu hver og einn ákærðir fyrir að hafa hleypt af
skotum inn um útidyr hússins og út um glugga þess og hafa með
skotunum stefnt lífi og heilsu fólks, sem í húsinu var, í háska.

3. Allir ákærðu séu ákærðir fyrir að hafa miðað byssunum á
fólk sem var í húsinu, hótad því lífláti og meiðslum og með með-
höndlun skotvopnanna stefnt lífi þess og heilsu í hættu.

4. Ákærðu Frank Snær Lúðvígsson og Hafþór Sævarsson séu
einir ákærðir fyrir að hafa ekki gilt skotvopnaleyfi er þeir ruddust
inn í húsið, hleyptu af skotum úr byssunum og miðuðu þeim á fólk
í húsinu.

Ég tel ennfremur að það verði nægilega ráðið af ákærunni við
hvaða refsíákvæði hvert einstakt framangreindra ákæruatriða er
talið varða þó að rétt hefði verið og glegggra að greina þetta sérstak-
lega við hvert ákæruatriðanna um sig. Hvort ákæran skilin á fram-
angreindan hátt felur í sér sakargiftir á hendur ákærðu einum eða
fleirum, sem viðtækari séu en rannsókn málsins rennir stoðum

undir, eða hvort verknaður sé þar talinn varða við önnur laga-ákvæði en rétt kann að teljast, er þáttur í efnismeðferð málsins sem leiða mundi til sýknu ef því væri að skipta. Loks tek ég fram að ég tel að málsvörn verjanda ákærðu hafi ekki orðið áfátt vegna þess hvernig ákæran var úr garði gerð.

Samkvæmt framansögðu tel ég ekki næga ástæðu til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá sakadóminum. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu eru ekki efni til að ég fjalli um málið að öðru leyti.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 12. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 11. janúar 1985, hefur höfðað ríkissaksóknari fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu með ákæruskjali, útgefnu 7. maí 1984, á hendur þeim Lúdvíg Fjölni Lúdvígssyni verkamanni, Miðtúni 4, Tálknafirði, fæddum 30. maí 1962, Frank Snæ Lúdvígssyni, Miðtúni 4, Tálknafirði, fæddum 10. júní 1966 í Reykjavík, og Hafþóri Sævarssyni verkamanni, Lækjarbakka í Tálknafirði, fæddum 17. nóv. 1966 á Patreksfirði, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. febrúar 1984 ruðst inn í verbúðina Bjarmaland á Tálknafirði ölvaðir og vopnaðir haglabyssum, og ákærðu Frank Snær og Hafþór án þess að hafa skotvopnaleyfi, hleypt af skotum inn um útidyr hússins og út um glugga þess, miðað hlöðnum byssum á fólk sem í húsinu var og hótað því lífláti og meiðslum og að hafa þannig með skotum og framangreindri meðhöndlun skotvopnanna stefnt lífi og heilsu fólksins, sem í húsinu var, í háska.

Í ákæru er athæfi ákærðu allra talið varða við 4. mgr. 220. gr., 231., 233. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. og 2. mgr. 20. gr. sbr. 34. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1977, en ákærðu Franks Snæs og Hafþórs auk þess við 1. mgr. 14. gr., sbr. 34. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Í ákæru er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærði Lúdvíg Fjölnir til þess að þola upptöku haglabyssu af tegundinni UNAZU 18023, kalíber 12 samkvæmt 35. gr. nefndra laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda og ákærðu allir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Dóm þennan kvað upp fulltrúi sýslumanns, Tryggvi Bjarnason.

D ó m s o r ð:

Ákærði Lúdvíg Fjölnir Lúdvígsson sæti 30 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá upp-

kvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Frank Snær Lúðvígsson sæti 20 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Hafþór Sævarsson sæti 20 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Uptæk er gerð í ríkissjóð haglabýssa af gerðinni Unazu 18023, kalíber 12, eign ákærða Lúðvígs Fjölnis Lúðvígssonar.

Ákærðu Lúðvíg Fjölnir og Frank Snær Lúðvígsson greiði „in solidum“ skipuðum verjanda sínum Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni málsvarnarlaun, kr. 9.000,-. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu allir „in solidum“.

Fimmtudaginn 5. júní 1986.

Nr. 61/1986. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hjálmar Baldurssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1985 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 19. mars sl.